

Nr. 512

9. júní 2016

## REGLUR um breytingu á reglum nr. 870/2015, um bindiskyldu.

1. gr.

*Breyting.*

Ákvæði 3. tl. 2. mgr. 3. gr. reglnanna fellur niður og í stað þess koma tveir nýir tölvuliðir, sem verða svohljóðandi:

3. Skuldir bindiskylds aðila vegna innstæðu á reikningi háðum sérstökum takmörkunum, sbr. 8. tölul. 2. gr. laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, nr. 37/2016.
4. Skuldir bindiskylds aðila vegna innstæðu á reikningi sem stofnaður er vegna skyldu skv. ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, sbr. 2. gr. laga nr. 42/2016.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 11. gr., sbr. 1. mgr. 24. gr., laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, öðlast þegar gildi. Reglurnar gilda fyrst við útreikning bindiskyldu 21. júní 2016. Reglur þessar voru ræddar og samþykktar á fundi peningastefnunefndar þann 31. maí 2016.

Reykjavík, 9. júní 2016.

*Seðlabanki Íslands,*

**Már Guðmundsson**  
seðlabankastjóri.

**Ragnar Árni Sigurðarson,**  
staðgengill aðallögfræðings.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. júní 2016